

## Svar

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um ökugerði.

1. Hvar eru ökugerði, þau sem skylt er að sækja vegna ökunáms, staðsett á landinu?  
Ökugerðin eru í Hafnarfirði og á Akureyri.

2. Hverjir eiga ökugerðin?

Sundurliðun á eignarhaldi á Ökugerðinu í Hafnarfirði – Ökuskóla 3 ehf. má sjá í eftirfarandi töflu:

<b>Tafla 1. Ökugerðið í Hafnarfirði – Ökuskóli 3 ehf., kt. 650213-0330.</b>	
Ökukennarafélag Íslands	60,00%
Sjóvá – Forvarnahúsið ehf.	22,22%
Ökutækni ehf.	17,78%
<b>Alls</b>	<b>100%</b>

Sundurliðun á eignarhaldi á Ökugerðinu Akureyri má sjá í eftirfarandi töflu:

<b>Tafla 2. Ökugerðið Akureyri ehf., kt. 490310-1930.</b>	
Dverghóll ehf.	42,42%
Bílaklúbbur Akureyrar	32,24%
Kristinn Örn Jónsson	8,17%
Höldur ehf.	17,17%
<b>Alls</b>	<b>100%</b>

3. Hvað kostar sá hluti ökunáms sem fram fer í ökugerði?

Ökugerðið í Hafnarfirði – Ökuskóli 3 ehf. innheimtir 43.000 kr. fyrir venjulegt námskeið en 44.500 kr. fyrir námskeið sem túlkuð eru á önnur tungumál. Ökugerðið Akureyri ehf. innheimtir 42.000 kr.